



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

ÍSLE3BF05

Kennari	Anna Karlsdóttir Taylor, anna.karlsdottir@fss.is Ásta Svanhvít Sifjardóttir Sindradóttir, asta.s.sindradottir@fss.is Bryndís Garðarsdóttir, bryndis.gardarsdottir@fss.is Hulda Egilsdóttir, hulda.egilsdottir@fss.is Lilja Dögg Friðriksdóttir, lilja.fridriksdottir@fss.is	   
Viðtalstími	Anna, mánudagar kl. 9.20-10.00 Ásta Svanhvít, mánudagar kl. 11.25-12.05 Bryndís, mánudagar kl. 9.20-10.00 Hulda, fimmtudagar kl. 10.30-11.10 Lilja Dögg, mánudagar kl. 14.00-14.40	
Námsefni	<i>Íslenska fjögur.</i> Ragnhildur Richter, Sigríður Stefánsdóttir, Steingrímur Þórðarson - Bókabúð <i>Blóðberg.</i> Þóra Karítas Árnadóttir - Bókabúð <i>Ljóðamál.</i> Bragi Halldórsson og Knútur Hafsteinsson - Bókabúð Gögn í efnishólfi Innu	
Áfangalýsing	Í áfanganum er lögð áhersla á tengsl máls, bókmennta og þjóðfélags frá siðaskiptum fram yfir aldamótin 1900. Vakin er athygli á hvernig málfar íslenskra bókmennta og bókmenntirnar sjálfar spegla þjóðfélagsaðstæður og menningarlíf, tíðaranda, strauma og stefnur á tímum siðaskipta, lærdómsaldar, upplýsingar, rómantíkur og raunsæis. Nemendur kynnst hugmyndum manna um íslenska tungu og viðleitni manna til málhreinsunar. Nemendur fá einnig tækifæri til að tjá sig í ræðu og riti um einstök verk og höfunda þeirra. Öllum stærri verkefnum skal skila í gegnum turnitin	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Í áfanganum er símat og til að ná markmiðum hans þarf að skila verkefnum og lágmarkseinkunn í hverjum námsþætti að vera 4,5. Hvert próf/verkefni er aðeins hægt að þreyta einu sinni. Ef nemendur af einhverjum ástæðum komast ekki í próf á tilgreindum tíma þá skal þeim lokið á næsta stoðdegi þar á eftir. Ef engin skýring er á fjarvist nemenda í tímaprófi þá hefur hann fyrirgert rétti sínum til að taka það próf. Eftir að miðannarmat hefur verið gert opinbert er EKKI hægt að skila verkefnum eða taka próf sem gilda inn í miðannarmatið. Einnig er ekki hægt að skila verkefnum í lok annar sem skila átti fyrir miðannarmat.	
	Símatsáfangi ☒ Lokapróf ☐ Sleppikerfi ☐	

Heiti	Vægi
Skáldaverkefni	20 %
Blóðberg	20 %
Íslenska fjögur	20 %
Smiðjuverkefni	10 %
Tímaverkefni	15 %
Lokaverkefni	15 %

Reglur áfanga	Í kennslustundum í íslensku er símafrí nema kennarinn ákveði og/eða leyfi annað. Símar skulu að jafnaði vera geymdir á símahóteli og settir þar í upphafi kennslustundar.
----------------------	---

Annað sem kennari vill láta koma fram	Tímaverkefni verða unnin í kennslustundum og skal skila í lok kennslustunda. Verkefnin verða unnin skriflega. Ef nemandi verður uppvís að því að skila verkefni sem annar nemandi hefur unnið fá báðir nemendur 0 í einkunn. Kennari áskilur sér rétt til þess að kanna þekkingu nemenda með munnlegu prófi.
--	--

Grunnpættir menntunar	Læsi er tengdur við alla áfanga í íslensku. Lögð er áhersla á að lesa ólíka texta og vinna með þá, bæði skriflega og með öðrum hætti. Nemendur eiga reglulega að færa hugsanir sínar í orð. Sjálfbærni er tengd við námsefnið, t.d. með ólíkum textum sem unnið er með í öllum áföngum íslensku. Ýmis álitamál og ágreiningsefni eru tekin til umfjöllunar með ólíkum hætti. Heilbrigði og velferð eru höfð að leiðarljósi inni í kennslustundum. Lögð er áhersla á góð samskipti, bæði milli nemenda sem og nemenda og kennara. Með fjölbreyttu námsmati er komið til móts við nemendur þar sem stuðlað er að jákvæðri sjálfsmynd þeirra. Lýðræði og mannréttindi tengist öllum áföngum í íslensku. Unnið er markmisst með ábyrgð nemenda á eigin námi. Kennarar taka tillit til áhuga nemenda, bæði hvað varðar námsefni og úrvinnslu verkefna. Unnið er með jafnrétti í öllum áföngum í íslensku, bæði með ólíkum textum sem unnið er með en einnig með því að þjálfa nemendur í samskiptum. Viðfangsefni grundvallast af jafnræði og jafnrétti. Sköpun er höfð að leiðarljósi í útfærslu ýmissa verkefna sem unnin eru. Lögð er áhersla á að nemendur viðhafi gagnrýna hugsun og leiti lausna við vinnslu verkefna, með því að nýta tækni á frumlegan og hagnýtan hátt.
------------------------------	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • helstu verkum tímabilsins og geta greint mikilvægi þeirra í mótun samtímans • áhrifum erlendra menningarstrauma á bókmenntir tímabilsins • að greina helstu baráttumenn fyrir íslenskri tungu og mynda sér skoðanir á henni	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • tjá sig í ræðu og riti á gagnrýnninn hátt um helstu verk tímabilsins og áhrif erlendra menningarstrauma á málfar og bókmenntir • leggja mat á hina ýmsu texta tímabilsins og mynda sér skoðanir á þeim • gera grein fyrir einkennum helstu verka tímabilsins
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • fá innsýn í samfélagshætti og hugmyndaheim fyrri tíma • setja bókmenntaverk í sögulegt samhengi • nýta sér upplýsingar úr verkum tímabilsins og mynda sér skoðun á tíðaranda og menningarlífi	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 80 mín	21 klst.
Lestur skáldsögu	6 klst.	6 klst.
Undirbúningur f. próf	4 x 2 klst.	8 klst.
Stærri verkefni	12 klst.	12 klst.
Alls		111 klst. = 5 ein

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Kynning áfanga Lærdómsöldin 1550-1750 Menningarbylting – siðbreyting	<i>Íslenska fjögur:</i> bls. 11-21 Verkefni úr efni vikunnar
2. vika 24.-28. ágúst	Guðbrandur Þorláksson Einar Sigurðsson <i>Blóðberg</i> - lestrarkveikja	Byrja að lesa <i>Blóðberg</i> <i>Íslenska fjögur:</i> bls. 22-36 Verkefni úr efni vikunnar
3. vika 31. ágúst-4. september	Hallgrímur Pétursson	<i>Íslenska fjögur:</i> bls. 37- 53 Verkefni úr efni vikunnar Hallgrímsverkefni - skil
4. vika 7.-11. september	Ljóðrænn kveðskapur Páll Ólafsson Stefán Ólafsson Steinunn Finnsdóttir	<i>Íslenska fjögur:</i> bls. 67-75 og 84-97 Leskönnun 1 - Lærdómsöld
5. vika 14.-18. september	<i>Blóðberg</i> - verkefnavinna	Leskönnun úr <i>Blóðbergi</i>
6. vika 21.-25. september	Sagnfræði, handritasöfnun og ferðabækur Upplýsing 1750-1830 Eggert Ólafsson Björn Halldórsson	<i>Íslenska fjögur:</i> bls. 99-117 Verkefni úr efni vikunnar
7. vika 28. september-2. október	Jón Þorláksson Láttra-Björg	<i>Íslenska fjögur:</i> bls. 118-131 Leskönnun 2 - Upplýsing
8. vika 5.-9. október	Rómantík 1830 – 1880 Bjarni Thorarensen, Rósa Guðmundsdóttir, Guðný Jónsdóttir, Steingrímur Thorsteinsson, Matthías Jochumsson, Júlíana Jónsdóttir og Kristján Fjallaskáld	<i>Íslenska fjögur:</i> Bls. 133-175 og 207-223 Verkefni úr efni vikunnar
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt.</i> <i>Miðannarmat 13. okt.</i>	Bjarni Thorarensen, Rósa Guðmundsdóttir, Guðný Jónsdóttir, Steingrímur Thorsteinsson, Matthías Jochumsson, Júlíana Jónsdóttir og Kristján Fjallaskáld	<i>Íslenska fjögur:</i> Bls. 133-175 og 207-223 Verkefni úr efni vikunnar
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	Rómantísk skáld frh. Jónas Hallgrímsson	<i>Íslenska fjögur:</i> bls. 176-198 Verkefni úr efni vikunnar
11. vika 26.-30. október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	Jónas Hallgrímsson frh.	<i>Íslenska fjögur:</i> bls. 176-198 Jónasarverkefni skil Leskönnun 3 - Rómantík

Virðing, samvinna og árangur

12. vika 2.-6. nóvember	Raunsæi 1880-1900 Torfhildur Hólm Gestur Pálsson	<i>Íslenska fjögur:</i> bls. 241-271 og 294 Verkefni úr efni vikunnar
13. vika 9.-13. nóvember	Smiðjuvinna	Smiðjuverkefni skilað
14. vika 16.-20. nóvember	Hannes Hafstein Þorsteinn Erlingsson	<i>Íslenska fjögur:</i> bls. 295-316 Verkefni úr efni vikunnar
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Ólöf Sigurðardóttir Stephan G. Stephansson Lokaverkefni	Leskönnun 4 - Raunsæi
16. vika 30. nóvember-4. desember	Lokaverkefni skil Stoðtími	Lokaverkefni skilað

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Anna, Ásta, Bryndís, Hulda og Lilja